

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-3/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um farsíma. Álitsbeiðandi telur að síminn sé haldinn galla og krefst þess að sér verði afhentur nýr sími. Kröfum sínum beinir álitsbeiðandi að Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili, en YY, er umboðsaðili hérlendis fyrir síma af þeirri gerð sem deilt er um.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. febrúar. Með bréfi, dags. 12. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 17. febrúar. Með bréfi, dags. 19. febrúar, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess til 5. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 2. júlí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem fylgdu henni kemur m.a. fram að hinn 17. október 2012 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Apple iPhone 5 af Z fyrir um kr. 150.000. Nokkru eftir kaupin fór álitsbeiðandi að taka eftir því að síminn hélt illa hleðslu. Eins hætti svokallaður „lock“ takki símans að virka. Ótengt þessu brotnaði síðan skjár símans fyrir slysi. Eftir nánari eftirgrennslan komst álitsbeiðandi að því að sími hennar var haldinn framleiðslugalla, viðurkenndum af framleiðanda. Á vefsíðu framleiðanda kom síðan fram að álitsbeiðandi ætti, vegna framleiðslugallans, rétt á að fá nýjan samskonar síma afhentan gegn því að afsala sér gamla símanum. Skyldi sú afhending fara fram í gegnum umboðsaðila framleiðanda hér á landi, nefndan gagnaðila.

Leitaði álitsbeiðandi því til gagnaðila með síma sinn í október 2014. Þar er henni tjáð að gagnaðili muni ekki skipta út síma hennar nema hún greiði fyrirtækinu kr. 49.000 vegna þess að skjár símans sé brotinn. Telur álitsbeiðandi þetta ótækt og krefst þess að gagnaðili afhendi sér nýjan síma, sér að kostnaðarlausu.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum, rituðum af þjónustustjóra gagnaðila, kemur m.a. fram að gagnaðili sinni alþjóðlegri ábyrgðarþjónustu fyrir framleiðanda símans og þar undir falli innkallanir á vörum og þjónustu sem framleiðandi standi fyrir. Fellst gagnaðili og á að framleiðandi hafi framlengt ábyrgð sína á þeim hlutum á farsíma álitsbeiðanda sem hún kvartar undan, þ.e. annarsvegar á rafhlöðu í 2 ár frá kaupdegi, eða til 1. mars 2015, hvort sem kemur síðar og hins vegar á „lock“ takka í 2 ár frá kaupdegi. Rekur gagnaðili næst að álitsbeiðandi hafi keypt síma sinn hinn 17. október 2012 en ekki haft samband við gagnaðila fyrr en 24. október 2014. Þá hafi 2 ára ábyrgð framleiðanda verið liðin og síminn því ekki lengur gjaldgengur hvað varðaði

ábyrgð framleiðanda á „lock“ takka. Hins vegar hafi síminn enn verið í ábyrgð seljanda hvað varðarði rafhlöðuskipti. Hins vegar komi það fram í skilmálum framleiðanda að ekki verði tekið við gölluðum síma í útskipti nema að hann sé heill og óbrotinn. Segir gagnaðili að þar sem verkstæði hans hafi ekki leyfi framleiðanda til að skipta um gler símans, geti hann aðeins boðið þeim aðilum sem þannig er ástatt með, svokallað „útskiptitæki“ á útskiptiverði, þ.e. kr. 49.390. Þá tekur gagnaðili fram að ekkert samningssamband sé á milli hans og þess aðila sem seldi álitsbeiðanda símann.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör gagnaðila kemur m.a. fram að álitsbeiðandi sé ósatt við að borga fyrir nýjan skjá á síma sem er með viðurkenndum framleiðslugalla. Bendir álitsbeiðandi og á að gagnaðili sé eini aðilinn hérlendis sem megi þjónusta síma af umræddri gerð. Ítrekar álitsbeiðandi þá kröfu sína að gagnaðili afhendi henni annan síma í stað þess gallaða.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til nefndarinnar og óskað eftir álitsgerð hennar um ágreiningsefnið.

Álitsbeiðandi hefur í máli þessu krafist þess að gagnaðili afhendi sér nýjan farsíma, en framleiðandi símans hefur viðurkennt galla á símanum og er gagnaðili umboðsaðili þess aðila hérlendis og ber m.a. þá skyldu hérlendis að sjá um útskiptingu á gölluðum tækjum frá framleiðanda.

Umræddur farsími var hins vegar ekki keyptur af gagnaðila, heldur af Z. Alla jafna falla kaup einstaklinga á farsímum undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Í þessu tilviki er hins vegar ekki fyrir að fara neinu samningssambandi milli álitsbeiðanda og gagnaðila í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Getur álitsbeiðandi því ekki, á grundvelli þeirra laga, né laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, beint kröfum sínum að gagnaðila um afhendingu á nýjum síma. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfum álitsbeiðanda á hendur gagnaðila.

VII

Álitsorð

Kröfum X, er hafnað.

formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir